# Reglur Dalabyggðar
# um greiðslu kostnaðar við sjálfboðavinnuverkefni.

**1. gr.**

Sveitarstjórn ákveður í fjárhagsáætlun hvers árs framlag til sjálfboðavinnuverkefna. Auglýst er eftir umsóknum um framlög til verkefna í maí mánuði ár hvert.

**2. gr.**

Heimilt er að veita framlög til efniskaupa og vélavinnu.

Sækja skal um framlag til sjálfboðavinnuverkefna á eyðublöðum sem eru aðgengileg á vef Dalabyggðar og á skrifstofu.

Byggðarráð afgreiðir umsóknir.

Forsvarsmaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

**3. gr.**

**Skilyrði fyrir framlögum**

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru:

- Umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð.
- Umsækjandi sé ekki í vanskilum við Dalabyggð.
- Umsókn fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun.

**4. gr.**

**Skilyrði fyrir greiðslum.**

- Verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn.
- Greiðslur verða aldrei hærri en framlögð áætlun.
- Greiðslur renna að jafnaði ekki til þess aðila sem að framkvæmdinni stendur heldur til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru- eða þjónustukaupa.
- Reikningar skulu samþykktir af forsvarsmanni verkefnis áður en þeir berast sveitarfélaginu.

*Staðfest af sveitarstjórn Dalabyggðar þann 2. maí 2012*

*Sveinn Pálsson*
*Sveitarstjóri*